

# Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009, um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

## 1. gr.

Í stað orðanna "úrskurðarnefndar almannatrygginga" í 1. og 2. mgr. 7. gr. kemur: úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjalinu "Næringarefni og sérfæði frá Sjúkratryggingum Íslands" með reglugerðinni:

Í flokknum **98 Næringarefni og sérfæði** verður eftirfarandi breyting:

Í stað orðanna "Miða skal við" í 3. mgr. kemur: Þá skal miða við.

Í flokknum **98 03 Lífsnauðsynleg næring** verður eftirfarandi breyting:

Flokkur **98 03 06 Næring um slöngu**. Fyrir hvern mánaðarskammt greiða Sjúkratryggingar Íslands það sem umfram er:

Í stað "6.800 kr." kemur: 9.000 kr.

Í stað "13.600 kr." kemur: 17.900 kr.

Í stað "20.400 kr." kemur: 26.900 kr.

Í stað "27.200 kr." kemur: 35.900 kr.

Í stað "34.000 kr." kemur: 44.900 kr.

Í flokknum **98 06 Lífsnauðsynleg næringarviðbót vegna vannæringar og sérfæði** verða eftirfarandi breytingar:

- Flokkur **98 06 03 Næringarviðbót vegna vannæringar, vanþrifa og kyngingarerfiðleika, drykkir og duft**.  
1. mgr. orðast svo: Miðað er við að BMI (Body Mass Index: þyngd/hæð<sup>2</sup>) sé < 18,5 eða um ≥ 10% þyngdartap sé að ræða á síðustu sex mánuðum þrátt fyrir að BMI > 18,5 eða > 5% þyngdartap á síðustu þremur mánuðum ásamt BMI < 20 ef einstaklingurinn er yngri en 70 ára; BMI < 22 ef einstaklingurinn er eldri en 70 ára eða fitufrír vefur er < 15 kg/m<sup>3</sup> fyrir konur eða 17 kg/m<sup>3</sup> fyrir karla. Að öðru leyti er vísað til 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- Flokkur **98 06 09 Næringardrykkir vegna efnaskiptasjúkdóma (sykursýki) og ónæmisbælingar**.
- Við flokkinn bætist nýr málslíður svohljóðandi: Að öðru leyti er vísað til 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- Flokkur **98 06 27 Glútensnautt fæði (sérfæði) vegna ofnæmis/ópóls fyrir hveiti fellur brott**.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 4. apríl 2019.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Elsa B. Friðfinnsdóttir.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.